

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

642. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 6. apríl 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólastjóra dags 30. mars 2010 um úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytis á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Greint var frá stöðu framkvæmda og viðhaldi lagna á sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar, en nokkrar tafir hafa orðið á verkinu, rætt um uppsetningu steinakarla við sýslumörk, viðhaldsframkvæmdir á brú á Syðri-Hvammsá, athugun á lagningu hitaveitu norðan Hvammstanga og framkvæmdum á íþróttavallarsvæði í Kirkjuhvammi. Rætt um ákvæði innkaupareglna sveitarfélagsins og áframhaldandi framkvæmdir við byggingu vaðlaugar.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskóla Húnaþings vestra er mættur til viðræðna við byggðarráð. Sigurður gerði grein fyrir bréfi sínu til byggðarráðs þar sem kynnt er úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra. Ráðuneytið hefur ráðið ráðgjafafyrirtækið Attentus til að annast úttektina en starfsmenn fyrirtækisins munu taka viðtöl við skólastjórnendur, kennara, starfsfólk, nemendur, foreldra og skólayfirvöld í sveitarfélaginu 13. og 14. apríl nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

3. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra muni ásamt Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) taka þátt í verkefni sem lýtur að því að bjóða upp á nýjan valkost í framhaldsnámi í Húnaþingi vestra frá og með haustinu 2010. Byggðarráð samþykkir að í vikunni verði sent út kynningarbréf vegna þessa og nemendum gefinn kostur á að skrá sig í umrætt nám.
4. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Tjarnarár. Fundurinn verður haldinn sunnudaginn 11. apríl nk. í Hamarsbúð kl. 14:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:25.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.)

Áheyrnarfulltrúi: Oddur Sigurðarson(sign.).